

Mál nr. 197/2012**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar ökutækis.****Ágreiningur um bótaskyldu (orsakatengsl) vegna líkamstjóns af völdum áreksturs.****Gögn.**

88. Málskot, móttakið 9.5.2012, ásamt fylgigögnum.

89. Bréf X, dags. 11.6.2012.

Málsatvik.

Hinn 10.2.2010 varð árekstur á Vesturlandsvegi í Ártúnsbrekku er bifreiðinni A var ekið af hægri akrein yfir á miðakrein. Rákust þá saman aftanverð vinstri hlið A og hægri hlið bifreiðarinnar B. A mun hafa verið ekið á um 80 km hraða á klst. og B um 80-100 km hraða á klst. Nokkurt tjón mun hafa orðið á bifreiðunum. M var farþegi í B. M kvartaði ekki undan meiðslum á vettvangi.

Hinn 1.3.2010 leitaði hann á slysa- og bráðadeild Landspítalans vegna verkja í baki sem hann rakti til umferðaróhappsins. Hann hafi í byrjun ekki fundið fyrir miklum verkjum en farið að finna fyrir verkjaseyðing og vaxandi verkjum u.þ.b. viku síðar, sé með allslæma verki og treysti sér ekki í leikfími. Við skoðun var hreyfiferill nánast algjörlega eðlilegur. Þreifiefymsli voru sitt hvoru megin við hrygg neðarlega í mjóbaki, en engin þreifiefymsli yfir brjóst- eða háls hrygg. Taugaskoðun var algjörlega eðlileg. Taldist M vera með tognun í lendhrygg.

M leitaði einnig til heimilislæknis á heilsugæslustöð. Kemur fram í vottorði hans að M hafi leitað á heilsugæslustöðina 25.2. og 3.3.2010 og 20.1.2011 vegna einkenna frá mjóbaki sem leiði upp í brjóst og niður á mjaðmir. Einnig kemur fram að hann hafi lyft dálítið og haft af og til vandamál í mjóbaki, en ekkert fundið til er hann lenti í óhappinu fyrir en þá um kvöldið.

Samkvæmt tilvísun heimilislæknis leitaði M til bæklunarlæknis 24.3.2011. Í vottorði bæklunarlæknisins segir að M hafi að eigin sögn fengið verki í bak við slysið og hafi verkirnir verið í brjósthrygg. Auk þess að leita á slysideild og heilsugæslustöð hafi hann verið í sjúkrahjálfun í um sex mánuði og fengið einhvern árangur. Bakverkirnir hafi heldur aukist með tímanum og einnig hafi farið að bera á verkjum í mjóbaki. Við skoðun fundust þreifiefymsli hægra og vinstra megin í hálsi neðarlega og út á herðar, einnig voru þreifiefymsli frá miðju mjóbaki og niður á mót spjaldhryggjar og mjóbaks og út á mjaðmakamba beggja vegna. Var niðurstaða læknisins að um hafi verið ræða tognunaráverka á brjósthrygg skv. upphaflegri lýsingu. Óljóst sé hvort mjóbakseinkenni og hálseinkenni sem virðast koma fram síðar tengist slysinu.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. Fékk X fyrirtækið D til að rannsaka óhappið. Telur X að orsakatengsl milli umferðaróhappsins og þeirra sjúkdómseinkenna sem M hefur séu ósönnuð og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki virðist vera um það deilt að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A að því marki sem hann getur sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Gögn málsins um líkamstjón M eru af skornum skammti og virðast að nokkru leyti vera misvísandi um þá áverka sem hann kann að hafa hlotið við óhappið. Ekkert mat liggur fyrir um það hvaða áverka hann hefur hlotið við slysið. Fyrirliggjandi gögn, þ. á m. læknisvottorð og skýrsla D um áreksturinn, verða á hinn bóginn ekki talin taka af öll tvímæli um að M hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur nefndin ekki forsendur til að taka afstöðu til þess hvort sannað

teljist að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn. Er málið vanreifað að þessu leyti og ekki stutt nægilegum gögnum svo unnt sé að úrskurða í því. Samkvæmt því og með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda, er máli þessu vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá.

Reykjavík, 26. júní 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.